

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Breiðvíkurhrepp árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðvíkurhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1994, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Lögbýli, íbúðir og sumarhús á sérmetnum lóðum	Sorphirðugjald kr.	7 000
Fyrirtæki og stofnanir	“ “	14 000
eða eftir samkomulagi.		

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Breiðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 25. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu brúar um Jökulsá á Dal, ásamt aðkomuvegum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 22. mars 1994 staðfest legu brúar á Jökulsá á Dal ásamt aðkomuvegum um sveitarfélögin Hlíðarhrepp og Tunguhrepp.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Hlíðarhrepps og Tunguhrepps hafa samþykkt uppdráttinn og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Hrafn Hallgrímsson.